

Skólanefndarfundur haldinn 10.des 2015 í FG á skrifstofu skólameistara.

Mættir auk Kristins Þorsteinssonar skólameistara voru Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Sigrún Gísladóttir, Jóhann Steinar Ingimundarson (varamaður Áslaugar Huldu Jónsdóttur sem boðaði forföll), Páll Marís Pálsson fulltrúi nemenda og Aðalbjörg Helgadóttir kennarafulltrúi og ritari fundargerðar.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans.
2. Breytingar í starfsmannamálum.
3. Breytingar á einkunnum í grunnskólum.
4. Nýir áfangar í FG.
5. Önnur mál.

1. Skólameistari fór yfir rekstraryfirlit og útskýrði stöðuna. Launakostnaður er hár og hefur hækkað ekki síst vegna nýrra kjarasamninga á árinu.
2. Starfsmannamál. Farið var yfir yfirlit um breytingar á starfsmannamálum á vorönn 2016. Litlar breytingar verða til vorsins.
3. Hvað varðar áhrif nýrra einkunna í bókstöfum sem grunnskólar munu gefa í vor telur Kristinn skólameistari skólann ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur. Hver nemandi með B eða hærri einkunn mun vera talinn hæfur í hefðbundinn framhaldsskólaáfangi.
4. Fjallað var um nýja áfanga í FG sem Þorkell Máni og Áslaug Hulda hafa talað fyrir, n.k. tónlist og tæknivinnsla. Það mál er í vinnslu.
5. Önnur mál. Spurt var um þriggja anna kerfið hvort það færi af stað í haust. Nei svaraði skólameistari því verður allavega frestað um eitt ár.

Enn fremur var komið inn á hver staða nemenda 25 ára og eldri sé. Hér í FG höfum við enn fengið að halda Leikskólalabrunni inni. Mjög fáir nemendur eru eldri en 25 ára..

Fundadagsetningar næsta árs eru: 21. jan., 10. mars, 2. júní, 1. sept, 20. okt og 8. des 2016.

Garðabær 10.des. 2015 Aðalbjörg Helgadóttir.